

um breyting á lögum nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón með loðdýraræktinni í landinu undir stjórn landbúnaðarráðherra. Hann sker úr ágreiningi um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Í stað „ráðunautar í loðdýrarækt“ í síðasta málslið 3. gr. komi: Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

2., 3. og 4. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands sjá um, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra. Það skal fela einum af ráðunautum félagsins þau störf, sem ríkisráðunauturinn í loðdýrarækt hefur haft með höndum.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem Búnaðarfélagið eða ráðunautur þess leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanns, og getur þá ráðherra skipað annan trúnaðarmann að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Í stað „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. komi: Búnaðarfélag Íslands.

5. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrhelda ytri girðingu um refabúr og önnur slík loðdýrabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Minka skal þó ávallt geyma og ala í sérstökum þar til gerðum steinsteyptum húsum með steypu gólfi. Nánari ákvæði um gerð húsa, búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Óheimilt er að reisa ný minkabúr eftir að lög þessi koma til framkvæmda. Þeim, sem þá eiga löglega umbúin minkabúr, önnur en steinsteypt, er þó heimilt að láta þau standa allt að þremur misserum, en þó aldrei lengur en Búnaðarfélag Íslands telur þau fullgilda vörzlu.

Þar, sem minkar eru nú geymdir í steinsteyptum húsum, má ala þá áfram í þeim í allt að 5 ár eftir að lög þessi koma til framkvæmda, sbr. þó 11. gr. laga nr. 56 25. maí 1948.

6. gr.

Í stað „ráðunautar“ í 3. mgr. 6. gr. komi: Búnaðarfélags Íslands.

7. gr.

11. gr. laganna falli niður og breytist greinatalan samkvæmt því.

8. gr.

Upphaf 1. mgr. 11. gr., áður 12. gr., orðist svo:

Loðdýraræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefur með höndum o. s. frv.

9. gr.

16., áður 17. gr., orðist svo:

Um eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 112 30. sept. 1947, og gefa þau út svo breytt sem lög um loðdýrarækt.